

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

- fundur stjórnar L.H. haldinn 3. mars 1992 í Bændahöllinni og hófst hann kl. 15:00

Mættir voru: Sigfús, Jón, Kristmundur, Stefán, Ágúst, Sigbjörn og Kári. Elísabet mætti síðar. Sigurður framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

- Samstarf L.H. og HÍS um húsnæðismál.**

Kári greindi frá bréfi frá Íþróttasambandinu til HÍS vegna þessa og að flýta á framkvæmdum við húsið í Laugardal. Sérþamböndin eiga að svara fyrir 3. mars um þarfir vegna húsnæðis.

Menn tjáðu sig um þessi mál og einnig varðandi tillöguna frá 2. ársþingi HÍS um hugsanlegan samruna.

Menn sammála um að athuga og hugsa þessi mál vandlega. Ákveðið var að skipa 3ja manna vinnuhóp, varðandi þessi mál til að gera tillögur, og koma með hugmyndir fyrir næsta stjórnarfund. Þeir eru Kristmundur, Sigfús og Guðmundur.

- Svæðisfundir.**

Ákveðið var að stefna á helgina 13.-15. mars á norðausturlandi.

- Reiðskólinn h.f.**

Kári greindi frá því að Íþrótt og tómstundaráð Reykjavíkur væri búið að taka Höllina á leigu frá 10. feb. - 15. apríl og frá 28. maí - 28. ágúst. Beiðni um leigu frá sept. - jóla. Leigan bjargar Höllinni í rekstri. Kári greindi frá þreifingum varðandi breytingar á eignarhaldi.

Aðalfundur Reiðskólans verður haldinn í þessum mánuði og L.H. þarf að tilnefna mann í stjórn.

Heildarupphæð frá ríkinu til L.H. og Reiðskólans er 1.5 millj. en var 3 millj. og er það stílað á unglingsastarf L.H. Kemur sér illa fyrir L.H. sérstaklega vegna þess að ekki fékkst 10% hækjun á árgjöldum. Tryggt er orðið að Reiðhöllin verði áfram sem súlik.

- Sýningarhald í Reiðhöllinni.**

Fyrirhugaðar eru 3 sýningar, 21.-22. mars norðlenskir dagar þar verða auk hrossasýninga, vottur af kaupstefnu, fyrirtækjarkynning o.fl.

11.-12. apríl Vesturland

01.-03. maí Hestadagar. Fákur þar með þátttöku að hluta.

5. Önnur mál.

- (1) Framkvæmdastjóri varpaði fram hvort stuðla ætti að tillöguflutningi á Alþingi t.d. um reiðvegi. Nokkrar umræður urðu um skattamál en eins og gefur að skilja ekkert bókað.
- (2) Samningur við Dómarafélagið. Drög að honum voru kynnt. Nokkrar umræður urðu um samninginn.
- (3) Fjórðungsmótið á Vesturlandi 1992. Framkvæmdastjóri Tryggvi Gunnarsson kemur með drög að dagskrá og upplýsingar á fund seinna.
- (4) Rætt var um viðmiðunarverð fyrir tamningar 1992 og ýmsar hliðar á því máli kynntar.
- (5) Tölvunet. Kári kynnti að Bí byði L.H. að gerast aðili að tölvuneti þess. Þetta er af hinu góða og gott að nýta þetta sem mest. Samningur liggur fyrir. Samþykkt að tengjast.
- (6) Kári kynnti erindi frá Bí sem lagt er fyrir Búnaðarþing varðandi blóðflokkun kynbótahrossa. Einnig erindi varðandi merkingu hrossa og erindi um sæðingar hrossa. All miklar umræður urðu um þessi mál, sem gefur að skilja.
- (7) Tilnefning í hrossaræktarnefnd. Kára falið að ræða við viðkomandi aðila og ganga frá því.
- (8) Reiðvegagerð vil Flóttamannaveg. Sigurður greindi frá að malbika ætti Flóttamannaleiðina, og að brýnt væri með reiðvegagerð þar.
- (9) Tilnefning í stórn Reiðskólans h.f. Kári tók henni v. óska fundarmanna með því fororði að hann yrði ekki beðinn aftur og myndi hætta formennsku þar.
- (10) Stóðhestastöðin. L.H. færði Stöðinni myndbandstökuvél að gjöf 25. jan. Kári gerði það fyrir hönd sambandsins.
- (11) Fákur 70 ára 24. apríl n.k. Gjöf ákveðin og er það heildarútgáfa H.O. í skinnbandi.

Fundi slitið, næsti fundur ákveðinn síðar.

Ágúst Oddsson,
Elísabet Þ. Þórólfssdóttir
Stefán Bjarnason
Sigfús Guðmundsson

Kári Arnórsson
Jón Bergsson
Kristmundur Halldórsson
Sigbjörn Björnsson